Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 27. apríl 2022
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:
Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Björg Fenger, Dagur B. Eggertsson, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Gunnar Einarsson, Helga Hlín Hákonardóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Dagskrá:

Gunnar Einarsson, annar formanna Stefnuráðs, setur fund.

1. **Stefnuráð - stefnusáttmáli - 2202006**

   Á síðasta fundi Stefnuráðs byggðasamlaganna lágu fyrir drög að stefnusáttmála sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á sviði úrgangsmála. Var ákveðið á þeim fundi að drögin yrðu unnin áfram með hliðsjón af umræðum fundarins og í framhaldi þess tæki Stefnuráð þau til frekari umræðu á fjarfundi.

   Uppfærð drög á grundvelli framangreinds liggja fyrir fundinum.

   Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi Strategíu, kynnir ferli verkefnisins til þessa og þá verkþætti sem framundan eru.

   Helga Hlín Hákonardóttir, ráðgjafi Strategíu, kynnir fyrirliggjandi drög og þær breytingar sem þau hafa tekið frá fyrri fundi.

   Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, kynnir tillögur um næstu skref verkefnisins.

   Umræður.

   Gestir

   Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs.

   Niðurstaða:

   Fyrirliggjandi drög verða lögð fram á fyrsta fundi nýs Stefnuráðs sem taka mun til starfa að loknum sveitarstjórnarkosningum.
   Fram að þeim tíma verði unnið að útfærslu draganna og aðgerðaáætlun á vettvangi SSH með þátttöku stjórnenda Sorpu bs. og ráðgjafa verkefnisins.
   Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun liggi fyrir samhliða drögum stefnusáttmálans.

Dagur B. Eggertsson, annar formanna Stefnuráðs, slítur fundi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026